

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt svæði að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkvæmt kostnaði.

Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

Ýmis ákvæði.

Lægsta gjald fyrir raforkunotkun um heimtaug skal vera kr. 6 400.00 á ári. Mis- mun á ársnotkun og lægsta gjaldi ef einhver er, skal innheimta á fyrra helmingi næsta árs.

Hafi gjald samkvæmt gjaldskrá þessari eigi verið greitt, svo að til lokunar hafi komið fyrir veitu, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 900.00.

Ef fundin eru óleyfileg eða of stór vör við skoðun, skal veitunni lokað tafar- laust, og verður hún ekki enduropnuð, fyrr en notandinn hefur greitt gjald kr. 900.00 til rafveitunnar.

Söluskattur, verðjöfnunargjald svo og önnur slík lögskyld gjöld eru innifalin í gjaldskránni, nema af seldri raforku til húshitunar.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967 til að taka þegar gildi. Jafnframt er úr gildi felld gjaldskrá sama efnis nr. 128 13. apríl 1976.

Iðnaðarráðuneytið, 27. júlí 1976.

F. h. r.

Árni Snævarr.

Jóhannes Guðfinnsson.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Njarðvíkur og Rafveitu Voga.

I. RAFORKA

Rafveita Njarðvíkur selur raforku á þann hátt og við því verði, sem hér segir:

1. Lýsing.

1. Um kWst.-mæli á kr. 44.00 hver kWst.
2. Um kWst.-mæli á kr. 17.20 hver kWst., auk fastagjalds er nemi kr. 193.00 á ári af hverjum fermetra gólfplatlar í því rúmi er lýsa skal. Fullt fermetragjald skal greiða af gólfleti í verslun, vinnustofum og á skrifstofum, en fyrir geymslur og ganga skal greiða kr. 66.70 af fermetra á ári.

2. Almenn heimilisnotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 11.00 hver kWst.

3. Vélanotkun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 24.40 hver kWst., hafi vélarnar mjög stuttan notkunar- tíma, má krefjast minnsta ársgjalds kr. 6 300.00 á hvert uppsett kw. vélanna.
2. Til fiskiðnaðar með fasttengdum vélum kr. 19.30 hver kWst.

3. Ef uppsett rafvélaafl fasttengdra véla við fisk-, kjöt- og mjólkuriðnað er yfir 20 kw.
4. Um mæli á kr. 11 398.00 fyrir hvert kw. mest notaðs afls á árinu, mælt sem 15 mín. meðalálág og auk þess kr. 4.10 á notaða kWst. Gjald vegna ljósanotkunar kr. 115.50 á hvern fermetra í vinnustofum, kaffistofum o. þ. h., en kr. 47.30 á hvern fermetra í vörugeymslum og kr. 84.70 annars staðar.

5. Hitun.

1. Um kWst.-mæli á kr. 2.80 hver kWst., enda megi þá rjúfa strauminn í allt að 3 klst. á dag í tímum mesta álags rafveitunnar, um hádegið og síðdegis, en þó eigi lengur en í 1½ klst. í senn.
2. Um kWst.-mæli á kr. 1.30 hver kWst. í 9 klst. á tímanum frá klukkan 22 til 7.
3. Um kWst.-mæli á kr. 5.20 hver kWst., án rofs.

Önnur skilyrði fyrir raforkusölu til hitunar:

- a) Að línur og spennar þoli álagið, að dómi rafveitustjóra.
- b) Að notandi kosti segulrofa fyrir hitalögnina.
- c) Að hitalagnir, þar með talin öll tæki séu gerð samkvæmt fyrir mælum rafveitunnar og Rafmagnseftirlits ríkisins.
- d) Að lagðar séu fram niðurstöður útreikninga á hitaþörf þess rýmis, er hita skal þegar þess er krafist.

6. Önnur raforka.

1. Raforku til suðu má einnig selja til gistihúsa, veitingahúsa, sjúkrahúsa og annarra slíkra staða á kr. 13.00 hverja kWst., enda sé notkun mæld með sér mæli og suðutæki fasttengd.
2. Til nota um vinnulagnir við byggingu meðan á byggingu stendur, um kWst.-mæli á kr. 24.60 hver kWst.
3. Til bókunarofna í brauðgerðarhúsum um kWst.-mæli á kr. 4.00 hver kWst á tímanum frá klukkan 22 til 8.30 og kr. 11.00 hver kWst. á tímanum frá klukkan 8.30 til 22.
4. Til gatnalýsingar á kr. 13.00 hver kWst.
Alla rafmagnsnotkun, sem ótalin er og ekki kemur undir aðra gjaldskrárlíði, skal selja eftir gjaldskrárlíði 1-1.

7. Mælaleigur.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð mælitækja, sem nota skal fyrir hverri veitu og er sú ákvörðun skuldbindandi fyrir notandann, sem skal greiða af mælitækjum, sem hér segir:

Af einfasa mælum upp að 30 amper	kr. 66.00 á mán.
Af þrífasa mælum 50—220 amper	— 193.00 - —
Af þrífasa mælum upp að 50 amper	— 77.00 - —
Af þrífasa mælum yfir 220 amper	— 259.00 - —
Af líða fyrir álagsstýringu	— 542.00 - —

Af öðrum mælitækjum en þeim, sem nefnd eru í gjaldskránni, skal ársleiga vera sem næst 20% af verði mælitækisins. Leiga er innheimt um leið og gjald fyrir raforku.

8. Opnunargjöld.

1. Hafi gjald samkv. gjaldskrá þessari eigi verið greitt svo að til lokunar hafi komið fyrir veituna, skal taka gjald fyrir enduropnun kr. 1 573.00.

2. Ef fundin eru við skoðun óleyfileg eða of stór vör, skal veitunni lokað tafarlaust, og verður hún eigi opnuð aftur fyrr en notandinn hefur greitt kr. 1 573.00 á skrifstofu rafveitunnar.
3. Verði raforkunotandi uppvis að notkun raforku án mælingar, skal hann sæta ábyrgð skv. lið nr. 2, nema þyngri refsing liggji við.

9. Heimtaugargjöld.

Rafveitustjóri ákveður stærð og gerð heimtaugar og/eða spennistöðvar fyrir hverja húsveitu. Umsækjandi heimtaugar skal gera grein fyrir væntanlegri notkun húsnæðis og helstu raforkunotkun, jafnframt leggja fram raflagnarteikningar. Ein heimtaug er lögð að hverri lóð (hverri eign) og skal greitt heimtaugargjald af hverri heimtaug (spennistöð) yfir allt að 15 metra. Jarðstrengsheimtaug frá jarðstrengskerfi og allt að 30 metra. Loftlínuheimtaug frá loftlínukerfi samkvæmt eftirfarandi tölum:

	Málstraumur stofnvara:	Stofngjald
1.	63 A 1-fasa	66 320.00
2.	63 A 3-fasa	71 580.00
3.	200 A 3-fasa	145.200.00
4.	350 A 3-fasa	346 500.00

Rafveitan leggur ekki jarðlínu heimtaugar að húsum á þeim tíma árs, sem frost er í jörðu. Lengd heimtaugar reiknist frá lóðarmörkum við götu, stytstu leið að varakassa í útvegg. Teljist hagkvæmara að hafa kassa í innvegg, skal leita samþykkis rafveitustjóra um gerð og frágang pípu, sem strengurinn verður dreginn í.

Sé jarðlínuheimtaug lögð frá loftlínu samkv. ósk heimtaugarbeiðanda skal lengd heimtaugar reiknuð frá loftlínustólpa að inntakskassa, en skeri heimtaugin akbraut, skal breidd akbrautar dregin frá, yfirlengdargjald jarðstrengs reiknast á hvern metra umfram fyrstu 15 metra þannig:

Yj — (312+KVA) kr./m. Yfirlengdargjald loftlínu reiknast á hvern metra umfram fyrstu 30 metra þannig: Y1 — (62+KVA) kr./m, að viðbættum kr. 15 180.00 á hvern staur í umframlengd.

Sé bráðabirgðaheimtaug lögð í vinnuskúr eða hús í byggingu, er greitt fyrir hana eins og hér segir:

Málstraumur	Stofngjald	Jarðstrengur kr./m.	Loftlína kr./staur
63 A 1-fasa	11 760.00	1 750.00	22 150.00
63 A 1-fasa	16 510.00	1 750.00	25 760.00
100 A 3-fasa	17 510.00	2 250.00	29 530.00

Séu aðstæður þannig að kostnaður við lagningu bráðabirgðaheimtaugar verði óeðlilega hár, má taka gjald fyrir hana samkvæmt kostnaði. Telji rafveitustjóri að auka þurfi flutningsgetu heimtaugar eða spennis, skal notandi greiða mismun, samkvæmt gjaldskrá. Sé nauðsynlegt eða hagkvæmara að setja upp spennistöð að mestu leyti vegna eins notanda, skal hann leggja til lóð og/eða húsnæði fyrir spennistöðina, eftir því sem hagkvæmara þykir að dómi rafveitustjóra vegna staðsetningar stöðvarinnar. Þegar húsnæði er lagt til, skal það fullnægja settum skilyrðum um gerð húsa spennistöðva að dómi rafveitustjóra. Eðlilegur kostnaður notenda við gerð húsnæðis fyrir spennistöðina greiðist af rafveitunni í leiguformi t. d. fyrir lengri tíma — kemur þannig til frádráttar heimtaugargjaldi.

Gjaldskrá þessi gildir í skipulögðum hverfum. Sé um óskipulagt hverfi að ræða eða aðstæður óeðlilegar, skal greiða heimtaugargjald samkv. kostnaðarreikningi. Heimtaugargjald skal greitt við umsókn.

10. Ýmis ákvæði.

Söluskattur 18%, 1% viðlagasjóðsgjald, 1% í sjóð til að draga úr áhrifum verðhækkana á olíu til íbúðarhitunar og 13% verðjöfnunargjald, samtals 33%, eru talin í upphæð gjalda þeirra, sem um ræðir í gjaldskrá þessari, nema á töxtum 5-1, 5-2 og 5-3.

Gjaldskrá þessi staðfestist hér með samkvæmt vatnalögum nr. 15 20. júní 1923 og Orkulögum nr. 58 29. apríl 1967, til að taka gildi 1. júlí 1976 og birtist til eftirbreytni öllum sem hlut eiga að máli. Jafnframt er úr gildi felld eldri gjaldskrá sama efnis.

Iðnaðarréðuneytið, 30. júní 1976.

F. h. r.

Árni Þ. Árnason.

Jóhannes Guðfinnsson.

Nr. 294.

27. júlí 1976.

G J A L D S K R Á

fyrir Rafveitu Akraness.

Tafla I. Orku- og aflverð, fastagjöld, mæla- og rofaleiga.

Númer gjaldskrárl.	Heiti gjaldskrárliða	Orkuverð kr./kwst.	Fastar greiðslur i kr. Daggreiðslur	Ársgreiðslur
A — LÝSING				
A.1.	Með fastagjalði	10.36	0.57/m ²	208/m ²
A.2.	Án fastagjalds	42.10		
B — HEIMILI OG VINNULJÓS				
B.1.	Heimilisnotkun	8.79	2.48/herb.	905/herb.
B.2.	Húsbyggingar og Akraneshöfn	21.95		
C — VÉLANOTKUN				
C.1.	Með fastagjalði	10.36	7.32/kw	2672/kw
C.2.	Matvælaíðnaður (rafsuða)	7.78		
C.3.	Stórnotkun	3.00	27.70/kw	10110/kw
D — HITUN				
D.1.	Án rofs	5.39		
D.2.	Með rofi 1½ klst. á dag	3.25		
D.3.	Með rofi 2½ klst. á dag	3.02		
D.4.	Með rofi 4½ klst. á dag	2.42		
D.5.	Með rofi 14½ klst. á dag	1.71		
D.6.	Sumarh. m. rofi 3 klst. á dag	1.98		
E — ANNAÐ				
E.1.	Sérsamningar			
E.2.	Götu- og hafnarlýsing			
E.3.	Lokun og enduropnun veitu			1 450.00